


## Réttur veðhafa



1. Starfsmaður rýnir gögn máls skv. VLY114 um kynningu matsgerða og ef í ljós kemur að bótafjárhæð fer yfir 15% af brunabótamati matshlutans er veðbandayfirlit eignar sótt úr gagnagrunni Þjóðskrár.

2. Sé rétti veðhafa raskað með greiðslu tjónabóta skal starfsmaður upplýsa hann um fyrirhugaða útborgun og rétt sinn til að tryggja að váttryggingarbætur verði notaðar til endurbóta skv. 42. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga. Veðhafa skal gefinn 20 daga frestur til að upplýsa VTÍ um ákvörðun sína. Nota skal EBL182 um bréf til meðváttryggðs. Renni 20 daga frestur út án svara er farið í lið 4.

3. Kjósi veðhafi að nýta rétt sinn til að tryggja að váttryggingarbætur verði notaðar til endurbóta skv. 42. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga eru veðhafi og tjónþoli beðnir um upplýsingar um bankareikning sem þeir geta einungis farið með sameiginlega. Hafi engar bankaupplýsingar borist innan 20 daga er stofnaður geymslureikningur í eigu tjónþola, þar sem skilyrði VTÍ verða þau að samþykki veðhafa liggja fyrir við útborgun fjárins. Einnig getur veðhafi krafist geymslugreiðslu þar til samkomulag næst um útborgun fjárins.

4. Hafi veðhafi ekki upplýst VTÍ um ákvörðun sína innan tilgreinds frests, eða sé ákvörðun veðhafa að nýta ekki fyrrgreindan rétt sinn skal líta svo á að hann hafi engar athugasemdir við fyrirhugaða útborgun tjónabóta. Framkvæmdastjóri tekur ákvörðun í málinu skv. lið 5 í VLY116 um ákvörðun.